**Lífsleikni í 8. bekk**

Kennari: Þorsteinn Darri Sigurgeirsson

Kennt verður í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla í lífsleikni fyrir 8. bekk. Nemendur í 8. bekk fá eina kennslustund, 40 mínútur í lok hverrar viku. Reynt verður að skapa andrúmsloft og aðstæður þar sem nemendur taka þátt í umræðum, læra að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri.

Áhersluþættir:

Haldnir verða s.k. bekkjarfundir þar sem mál verða rædd á jafningjagrundvelli. Málin geta varðað skólann, nemendur og í raun allt sem kemur upp á í skólagöngu þeirra. Þetta er gert með það að leiðarljósi að ..

- Öðlist aukinn skilning á sjálfum sér og þeim gildum sem þeim finnst mikilvæg
- Læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- Þjálfist í að vera læsir á eigin tilfinningar og annarra
- Læri ýmsar gagnlegar aðferðir í samskiptum
- Ekki má gleyma föstudagslaginu sem er spilað og valið af kennara í lok hverrar kennslustundar. Til hvers? Jú til að kynna eldri tónlist fyrir nemendum og hleypa þeim út í helgina brosandi 😊

Námsgögn: ýmis gögn frá kennara, samvinnu- og hópeflisleikir o.fl.